

# ORKUSJÓÐUR

## Orkusjóður auglýsir styrki til orkuskipta 2020

Innviða- og verkefnastyrkir vegna áherslu stjórnvalda um orkuskipti og nýtingu endurnýjanlegrar orku. Heildarfrjárhæð til úthlutunar er 180 m.kr.

### 1. Innviðastyrkir fyrir vistvæn ökutæki (s.s. heimsendingaþjónusta, bílaleigur, leigubílar og annar rekstur). Krafa er um eftirfarandi skilyrði:

- 10 bifreiðar eða 2 hópbifreiðar að lágmarki í flota.
- Styrkir geta að hámarki numið 33% af áætluðum stofnkostnaði.

### 2. Innviðastyrkir fyrir vistvæn ökutæki við opinbera staði (s.s. hleðslustöðvar við sundlaugar, heilsugæslur, skóla, hafnir/flugvelli, heimahjúkrun, félagþjónustu, vaktbíla).

- Styrkir geta að hámarki numið 50% af áætluðum stofnkostnaði.

### 3. Verkefnastyrkir fyrir rekstur í haftengdri starfsemi (s.s. fiskeldi, ferðaþjónusta, smábátar).

- Með verkefnastyrki er átt við að samstarfsaðilar komi saman að skilgreiningu heildarverkefnis sem líti bæði að innviðaupbyggingu í landi sem og að búa báta með mestu lengd allt að 15 metrum til nýtingar á endurnýjanlegu eldsneyti. Aðilar að skilgreindu verkefni ákveði hvernig styrkuppghæð skiptist á milli hluteigandi aðila. Skilyrði að samkomulag sé til staðar við viðkomandi höfn. Styrkir geta að hámarki numið 33% af áætluðum stofnkostnaði.

Sjóðurinn áskilur sér rétt til að forgangsraða styrkjum í samræmi við áherslur stjórnvalda við orkuskipti, s.s. líta til þess hversu líklegt er að styrkhæft verkefni hraði orkuskiptum og hversu mikil áhrif það hefur til minnkunar á kolefnisfótspori. Einnig verður horft til dreifingu verkefna um landið og hversu hratt þau eru talin koma til framkvæmda. Styrkuppghæð til hvers verkefnis ræðst af getu sjóðsins og fjölda umsókna.

## Umsóknarfrestur er til 20. október 2020

Umsóknir skulu sendar gegnum þjónustugátt Orkustofnunar: [gattin.os.is](http://gattin.os.is)  
Nánari upplýsingar fást hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri. Sími: 569 6083. Netfang: [rka@os.is](mailto:rka@os.is).